



Hjálparsveitin Dalbjörg

Útg. og ábm.: Hjálparsveitin Dalbjörg 1. töl. 22 árg. Desember 2023



Gleðilegt ár!



SKÓGARBÖÐ

geothermal spa

Einstakar upplifanir
skapa einstakar minningar

Neyðarkallinn - Aðgerðastjórnandi

Síðastliðin misseri hefur orðið “aðgerðastjórnandi” heyrst æ oftast í fjölmiðlum. Hefur það einkum komið upp í sambandi við stærri aðgerðir björgunarsveita Slysavarnafélagsins Landsbjargar (SL) og núna í byrjun nóvember þegar björgunarsveitir stóðu fyrir sölu Neyðarkallsins - en í ár var hann eða réttara sagt hún einmitt aðgerðastjórnandi. Samt sem áður eru kannski margir sem velta því fyrir sér hvað aðgerðastjórnendur gera. Öll vitum við hvað hinir “Neyðarkallarnir” gera eins og t.d. kafarinn, vélsléðamaðurinn, drónakonan og skyndihjálparkonan.



Neyðarkallinn í ár var aðgerðastjórnandi..



Páley Borgþórsdóttir, lögreglustjóri á Norðurlandi eystra og Reimar Viðarsson, formaður svæðisstjórnar Landsbjargar á svæði 11, við bílinn góða sem lögregluembættið gaf. Mynd af Facebook síðu lögreglunnar.

Aðgerðastjórnendur SL eru í raun björgunarsveitafólk í grunninn eins og öll hin nema þau hafa sótt sérhæfð námskeið á vegum Björgunarskólans og fengið þjálfun í stjórnun aðgerða (útkalla).

Þeirra hlutverk er að vera bakland þess björgunarfólks sem fer út á vettvang. Það þarf sem dæmi, að samhæfa leit, ákvarða hve miklar bjargar þarf og sjá til þess að þau sem eru úti á mörkinni hafi þau tæki og tól sem þarf í verkefnið. Einnig þarf að hafa samskipti við aðra sem geta þurft að koma að málinu. Þegar útkall kemur til björgunarsveitar fer það í gegnum neyðarlínuna eða kemur beint frá lögreglu. Bakvakt svæðisstjórnar er með í því ferli og metur eftir eðli og stærð aðgerðarinnar hvort þörf sé á að virkja aðgerðastjórn (AST). Ef útkallið nær yfir fleiri björgunarsveitir og jafnvel veitufyrirtæki, heilbrigðisstofnanir, Rauða krossinn og slökkvilið er AST virkjuð.

Aðgerðastjórn hér á Eyjafjarðarsvæðinu hefur afar góða aðstöðu í Hjalteyrargötu 12, húsnæði Súlna á Akureyri. Í þeim tilfellum þar sem stærri viðburðir eiga sér stað eins og hópslys, óveður eða leit að týndum einstaklingum, koma þar saman aðilar frá ofantöldum stofnunum ásamt lögreglu.

Aðgerðastjórnendur SL geta einnig farið nær atvikinu og verið í svokallaðri vettvangsstjórn. Hún getur verið í húsnæði nálægt slysinu, í björgunarsveitarbíl eða í þar til gerðum vettvangsstjórnarbil sem tekinn var í notkun fyrir skemmstu.

Aðgerðastjórnendur vinna eftir ákveðnu skipulagi til að vera vissir um að allir þættir séu dekkjaðir og ekkert gleymist en auðvitað getur líka verið mikilvægt að hugsa út fyrir kassann, vera úrræðagóður og geta haldið ró sinni í óvæntum og oft streituvaldandi aðstæðum.

Það er mikilvægt að geta sett sig í spor annarra, vera skipulagður og geta nýtt styrkleika allra eins vel og mögulegt er. Enginn getur gert allt en allir geta gert eitthvað.

Öryggi björgunarfólks SL er einnig stór þáttur í starfi aðgerðastjónenda. Það þarf að gæta þess að fólk nái að hvílast, nærast, komast í húsaskjól o.s.frv. Það þarf að kalla út fleiri hópa til að leysa þá fyrstu af ef verkefnin dragast á langinn, eins og til að mynda í óveðrinu í desember 2019 og núna í jarðhræringunum á Reykjanesi.

Öll erum við sjálfbóðaliðar eins og aðrir í SL og vinnum saman þvert á einingar og stofnanir til að leit og björgun fari eins vel fram og best verður á kosið, bæði fyrir skjólstæðinga okkar og björgunarfólk.

Samvinna, samskipti og samhæfing eru lykilorð í skipulagi og stjórnun aðgerða.

Gyða Sjöfn Njálsdóttir



Miðstöð ehf

Ák Smíði ehf. • Sími 464 7870 • Miðstöð ehf. • Sími 462 5625
Lónsbakka • 601 Akureyri • aksmidi@aksmidi.is • midstod@midstodehf.is

Björgunarleikar og landsþing

Undanfarin ár hafa landsþing og björgunarleikar Slysavarnarfélagsins Landsbjargar verið handin samhliða og árshátíð um kvöldið. Hér á eftir koma samantektir frá þessum viðburðum.

Björgunarleikar

Laugardaginn 13. maí voru haldnir vel heppnaðir björgunarleikar ásamt landsþingi Slysavarnarfélagsins Landsbjargar á Akureyri en leikarnir hafa verið haldnir annað hvert ár frá árinu 2001 og var þetta því í 12. skiptið sem þeim var slegið upp. Á björgunarleikum gefst öllum sveitum landsins tækifæri til að skrá lið til þátttöku og spreyta sig á hinum ýmsu verkefnum sem lögð eru fyrir, oft tengjast þær björgunarstarfi að einhverju leyti eða bara alls ekki neitt. Í ár voru verkefnir til að mynda fólgin í klifri, fyrstu hjálp, leitartækni, reykköfun, sjósundi, sigi, ökuhæfni og skotbolta. Einnig gátu liðin nælt sér í auka stig með því að leysa ýmis minni verkefni og með smá mútum við dómara.

Dalbörg lét ekki sitt eftir liggja þetta árið og skráði til leiks eitt sex manna lið „Made in sveitin“ en í því voru Anna Hlín Guðmundsdóttir, Erla Katrín Orradóttir, Guðrún Jóna Stefánsdóttir, Jóhann Ben Jóhannsson, Kristján Hermann Tryggvason og Tryggvi Geir Ingvarsson. Aukinheldur var Freydis Erna Guðmundsdóttir fengin til að fylgja hópnum og mynda herlegheitin. Ásamt henni komu nokkrir félagar frá Dalbjörg og hvöttu liðið áfram.

Markið var sett hátt og því voru stíf fundahöld þar sem farið var yfir leikskipulag og æft af miklum móð.

Liðin gátu unnið sér inn auka stig með því að „múta“ dómurum og tók liðið upp á því að hafa meðferðis nýmjólkaðan brodd sem vakti mikla lukku meðal dómara. Partur af leikunum fór fram á instagram þar sem meðal annars átti að syngja uppáhalds eurovision lagið sitt, dansa hókí pókí og fara í snú snú. Áhugasamir geta skoðað þær þrautir á instagram síðu liðsins ([_made.in.sveitin](#)). Einnig sáu félagar úr Dalbjörg um að manna tvær stöðvar, virkilega skemmtilegt að fá að taka þátt á þessum vel skipulögðu björgunarleikum og við hlökkum til að taka aftur þátt 2025.

Dagurinn endaði svo með vel heppnaðri árshátíð Slysavarnarfélagsins Landsbjargar í Íþróttahöllinni á Akureyri þar sem úrslit leikanna voru tilkynnt og má með sanni segja að við höfum staðið okkur vel þar sem 3. sætið varð raunin af 16 liðum. Þetta er í þriðja skiptið sem Dalbjörg kemst á pall og fyrir mitt leyti gefur það til kynna hve öflug þessi litla sveit okkar er.

Tryggvi Geir Ingvarsson

Landsþing


Landsþing Slysavarnarfélagsins Landsbjargar (SL) er haldið í maí annað hvert ár og fer með æðsta vald í málefnum félagsins. Þetta er stórt þing þar sem fulltrúar allra björgunarsveita og slysavarnadeilda koma saman, kjósa í stjórn og nefndir, fjalla um fjármál félagsins, kjósa um lagabreytingar og ræða stöðu félagsins og starfsins okkar í umræðuhópum og á fundum sem haldnir eru samhliða. Landsþing er eini vettvangur félagsins þar sem unnt er að breyta lögum þess.

Björgunarsveitir og slysavarnadeildir þurfa að skrá sína þingfulltrúa sem mæta á þingið til þess að eiga þar atkvæðisrétt. Hver félagseining fer með tvö atkvæði á landsþinginu. Á þinginu er stjórn SL kosin til tveggja ára eða fram til næsta landsþings, sem og þær nefndir sem kosnar eru til að halda utan um sérstök mál; fjárveitinganefnd,

laganefnd og uppstillinganefnd. Á milli landsþinga fer fulltrúaráðsfundur með æðsta vald félagsins en á honum sitja fulltrúar hverrar félagseiningar ásamt stjórn félagsins. Þar er ársreikningur félagsins tekinn til afgreiðslu ár hvert ásamt fjárhagsáætlun og þar fer hver eining með eitt atkvæði.

Samhliða landsþingi er orðin hefð að halda björgunarleika líkt og við þekkjum, þar sem litrík lið frá einingum alls staðar af landinu etja kappi í björgunartengdum þrautum, samtímis og fulltrúar eininganna ræða málin á landsþinginu. Landsþingi og björgunarleikum lýkur seinnipart laugardags og allir fagna síðan saman á árshátíð Slysavarnarfélagsins Landsbjargar um kvöldið.

Sunna Axelsdóttir



Hópurinn fær upplýsingar um næsta verkefni.



Verkefni þar sem sigið var fram af Glerárbrúnni.



Bíllinn vel skreyttur.




Tryggvi og Jóhann að verða klárir í reykköfunarverkefni.



Anna Hlin í klifurverkefni.



Bátaverkefni.



Jóhann Ben og Tryggvi Geir í sjó / bátaverkefni.



Verkefni á Glerárbrúnni.



Made in sveitin með liðinu Blautu plástrum.



Broddur í boði Dalbjargar.



Made in sveitin liðið á góðri stundu.

**Við óskum viðskiptavinum okkar
gleðiríkrar jólahátíðar og
farsældar á nýju ári.**

Göngum vel um heita vatnið yfir
jólahátíðirnar og allt árið um kring.



NORÐURORKA

Útkall og aðstoðarbeiðnir

29. janúar

Þann 29. janúar klukkan 4:26 var Hjálparsveitin Dalbjörg kölluð út til Grenivíkur til að aðstoða við leit að ungum manni í annarlegu ástandi. Maðurinn fannst tveimur klukkustundum síðar, því miður komst enginn félagi frá Dalbjörg að þessu sinni.

2. mars

Dalbjörg barst útkall klukkan 19:04 vegna ungs drengs sem var týndur. Drengurinn fannst stuttu síðar. Einn meðlimur fór í aðgerðastjórn.

27. mars

Þann 27. mars var óskað eftir snjóbíll, björgunarfólki og aðgerðastjórnendum á austurland vegna snjóflóða sem féllu á bæinn Neskaupstað. Snjóflóðið lenti á fjölbýlishúsi en enginn slasaðist alvarlega, Rauði krossinn opnaði hjálparstöð fyrir þá sem gátu ekki verið heima hjá sér. Nokkrir félagar Dalbjargar undirbjuggu snjóbílinn sem ekki reyndist svo þörf á.

15. maí

Hættustig, flugvél búin að missa annan mótörinn. Lenti heil á höldnu á Akureyrarflugvelli.

10. júní

Sjúkrabíll óskar eftir aðstoð vegna manns sem var meðvitundarlaus og þurfti jeppa til að komast að honum. Þrír félagar fóru á tveimur jeppum til aðstoðar.

6. júlí

Fólk í sjálfheldu við Selhnjúk í nágrenni við Dalvík. Einn félagi frá Dalbjörg fór í aðgerðastjórn.

11. júlí

Lamb í sjálfheldu inn á Garðsárdal, nokkrir félagar fóru á staðinn og sigu niður til lambsins og skiluðu því svo til eiganda síns.

8. ágúst

Dalbjörg barst útkall vegna bíls sem sat fastur í Sandá. Bíllinn var dreginn á betri stað fyrir bílabjörgun.

20. ágúst

Klukkan 7:12 barst útkall vegna manns sem var meðvitundarlaus í Laugafelli. Þrír félagar lögðu af stað en maðurinn reyndist vera í Laugarvalladal svo okkar björgum var snúið við.

20. ágúst

Að kveldi 20. ágúst var leitað að manni í austanverðum Eyjafirði ásamt bifreið mannsins. Níu félagar mættu í Dalborg en þegar þangað var komið var maðurinn fundinn.

2. september

Þann 2. september klukkan 15:10 barst Dalbjörg útkall vegna slyss á gangnamanni í Hagárdal inn af Djúpadal. Tíu félagar frá Dalbjörg héldu á staðinn. Miklar vindhviður

voru á vettvangi og erfiðar aðstæður þar sem maðurinn var staddur ofarlega í fjallinu og innarlega í dalnum og björgunarsveitafólk þurfti að ganga nokkurn spöl til að komast að honum. Þýrlan gat ekki athafnað sig vegna mikils vinds. Fjöl margar björgunarsveitir af svæðum 10,11 og 12 tóku þátt í aðgerðinni ásamt lögreglu og slökkviliði. Hjálparsveitin Dalbjörg vottar aðstandendum samúð sína.

6. október

Dalbjörg barst útkall vegna örmagna gangnamanns þann 6. október. Gangnamaðurinn braggaðist eftir að hafa fengið að borða hjá félögum sínum og fór því á hesti heim. Annar gangnamaður datt af hestbaki þann sama dag og fékk far með okkur á bráðamóttöku SAK.

7. október

Sjö félagar héldu af stað til að aðstoða bændur í sveitinni við hrossasmölun þann 7. október. Einn félagi frá Dalbjörg fór með þýrlu og lauk þessari aðstoðarbeiðni.

1.-3. desember

Fjórir félagar fóru þessa helgi og aðstoðuðu Grindvíkinga við lokanir vegna jarðhræringa á svæðinu.



Aðstoðarbeiðni 11. júlí.



Mikilvægt að þrifa bílana eftir útköll.



Úr útkalli 2. september.



Útkall 6. október.




Úr útkalli 2. september.



Útkall 6. október.



Erla Katrín, Anna Hlín og Guðrún Jóna við hrossasmölun.



Úr þyrfluferð í hrossasmölun 7. október.

Flugeldamarkaðurinn Hrafnagilsskóla



Afgreiðslutímar:

28. desember kl 16-22

29. desember kl 10-22

30. desember kl 10-22

31. desember kl 9-16

5. janúar kl 19-21

Flugeldasími: 863-1271



FLUGELDAMARKAÐUR
BJÖRGUNARSVEITANNA

Hjálparsveitin Dalbjörg



Molar og myndir

Námskeið

Til þess að geta farið í útköll þarf að klára allskyns námskeið. Námskeiðin eru ýmist í staðnámi eða fjarnámi sem meðlimir sveitarinnar hafa nýtt sér.

Snjóflóð 1 (3.-4. febrúar)

Tveir félagar úr Dalbjörg sóttu námskeiðið Snjóflóð 1 helgina 3. - 4. febrúar. Námskeiðið var haldið á Akureyri í húsnæði Súlna og verklegar æfingar í Hlíðarfjalli.

Straumvatnsbjörgun 1 (10.-11. júní)

Tveir félagar Dalbjargar fóru á námskeið í straumvatnsbjörgun. Námskeiðið var haldið hjá björgunarsveitinni Súlum. Verklegur hluti námskeiðsins fór fram í Fnjóská þar sem farið var yfir tæknileg atriði straumvatnsbjörgunar.

Fjarskipti grunnur (27. september)

Einn félagi sótti kvöldnámskeið hjá Súlum um grunnatriði í fjarskiptum.

Ferðamennska og rötun (18. & 20.-22. október)

Tveir meðlimir sveitarinnar sóttu námskeið í ferðamennsku og rötun hjá Björgunarsveitinni Súlum á Akureyri. Farið var yfir helstu atriði í klæðnaði við ferðamennsku, lært á áttavita og GPS tæki.

Leitartækni (8. & 10.-12. nóvember)

Námskeið í leitartækni var haldið hjá Súlum og sóttu fimm meðlimir Dalbjargar námskeiðið. Teknar voru æfingar í leit bæði innan- og utanbæjar.



Anna Hlín í sporrakningu.



Leitað að ýmsum smáhlutum í kjarrinu.

Einnig sóttu meðlimir sveitarinnar fjarnámskeið. Sem dæmi má nefna, aðgerðagrunnur, öryggi við sjó og vötn og björgunarmaður í aðgerðum.

Æfingar

Í sumar fóru sex félagar á fjalla-björgunaræfingu í Reykargili þar sem farið var yfir tryggingar og sig. Í sömu ferð var farið með börur í Aldísarlund til að æfa flutning við mismunandi aðstæður. Einnig voru nokkrar æfingar fyrir björgunarleikana þar sem farið var yfir júmm, fyrstu hjálp og skipulag björgunarleika.

Leitartækniæfing 13. nóvember

Þetta kvöld var farið upp í Aldísarlund og leitartækni æfð, leit að týndum einstaklingi ásamt fínleit þar sem leitað var eftir vísbendingum.

Fundir og vikulegir hittingar

Aðalfundur Hjálparsveitarinnar Dalbjargar var haldinn 30. apríl á Ytra-Gili. Á fundinum var farið yfir venjuleg aðalfundarstörf, s.s. skýrslu stjórnar, skoðun reikninga, framboð til stjórnar, fullgilda félaga frá síðasta aðalfundi og nýliða ásamt fleiru. Sigurgeir Bjarni Hreinsson var fundarstjóri og Bjarney Guðbjörnsdóttir fundarritari.

Kosið var um þrjá aðila í stjórn og komu þrjú framboð þannig að segja má að þeir aðilar hafi verið sjálfkjörnir. Eftirfarandi aðilar hafa setið í stjórn á þessu ári: Kristján Hermann



Guðrún Jóna, Erla Katrín, Tryggvi Geir, Freydis Erna og Anna Hlín á leitartækninámskeiði.

Tryggvason (formaður), Víðir Sveinn Ágústsson (varaformaður), Jóhannes Jakobsson (gjaldkeri), Hreiðar Fannar Víðisson (ritari) og Elmar Sigurgeirsson (meðstjórnandi). Til vara eru Gyða Sjöfn Njálisdóttir og Bjarki Búi Ómarsson.



Veðrið var gott á námskeiðinu.



Fjallabjörgunaræfing.



Fjallabjörgunaræfing.



Leitaræfing í Aldísarlundi.

Almennir fundir voru haldnir mánaðarlega. Þar er til dæmis farið yfir liðna atburði, námskeið og verkefni framundan. Einnig reyna félagar sveitarinnar að hittast vikulega og gera eitthvað saman t.d. teknar æfingar og farið yfir búnað og tæki.

Fjáraflanir

Þorvaldsdalsskokkið fer fram í júlí ár hvert og hefur það verið haldið árlega síðan 1994. Ungmennasamband Eyjafjarðar (UMSE) heldur hlaupið í samstarfi við Landvætti Ferðafélags Íslands og undanfarin ár hefur Dalbjörg tekið þátt í gæslu ásamt sjálfbóðaliðum frá UMSE. Félagar ganga meðal annars úr skugga um að enginn verði eftir inni á dal, sjá um drykkjarstöðvar og eru til taks komi eitthvað upp á. Um fimm manns hafa farið frá okkur síðustu ár.

Venju samkvæmt hjálpaði Dalbjörg til við að manna gæslu á tjaldsvæðinu í Hrafnagilshverfi á meðan á bíladögum stóð. Einnig sáu nokkrir félagar um að

manna gæslu á þorrablótum í janúar og febrúar.

Árleg sala neyðarkallsins fór fram snemma í nóvember þar sem félagar fóru í öll hús hér í Eyjafjarðarsveit og seldu rafhlöður, reykskynjara og að sjálfsgöðu neyðarkallinn sjálfan sem í ár var aðgerðastjórnandi.

Við viljum þakka ykkur kærlega fyrir að taka vel á móti félögum Dalbjargar. Einnig viljum við þakka þeim fyrirtækjum sem styrktu sveitina með kaupum á stóra neyðarkallinum.

Síðan er ein stærsta fjárflyun björgunarsveitanna eftir, flugeldasalan. Við hlökkum til að taka á móti ykkur þar. Heitt verður á könnunni og konfekt í boði.

Viðburðir

Hjálparsveitin Dalbjörg fagnaði 40 ára afmæli á árinu eða nánar tiltekið sunnudaginn 5. mars. Þann dag var einmitt almennur fundur hjá Dalbjörg og því var boðið upp á kræsingar í tilefni dagsins.

Sumardagurinn fyrsti þann 20. apríl 2023 var haldin hátíðlegur á Melgerðismelum og var Hjálparsveitin Dalbjörg þar með tækin sín til sýnis að venju. Í þetta skiptið var farið með bílana Dalbjörg 1, Dalbjörg 2 og Dalbjörg 4, ásamt sleðunum Dalbjörg 6 og Dalbjörg 7.

Föstudaginn langa þann 7. apríl, var píslargangan haldin, þar sem Hjálparsveitin Dalbjörg býður gestum

og gangandi að koma í heimsókn. Í ár var gengið fram Munkaþverárþakka til helgistundar í Munkaþverárkirkju. Að því loknu var gengið til baka í Dalborg þar sem boðið var upp á vöfflukaffi og kassaklifur.

26. júní var olíukálfurinn sóttur upp í Laugafell í blíðskaparveðri. Skolað var af sér í lauginni þar í sól og blíðu og síðan haldið heim á leið.

Þann 29. apríl héldu Dalbjörg og Súlur í dagsferð og var farið á 5 bílum. Lagt var af stað kl. 09:30 úr Dalborg og þessi leið farin, upp Kerhólsöxl í austanverðum Sölvadal, í Landakot, Laugafell, Laugafellshnjúk, að miðju Íslands, Laugafell, Gráni, Bergland, Torfufell og að lokum niður Vatnahjalla. Frábær ferð, geggjað veður og færi.



Bubbi og Erla selja neyðarkallinn.



Gyða og Erla hressar í Þorvaldsdalsskokkinu.



Dagsferð að miðju Íslands með félögum úr Súlum.



Dalbjörg 2 í Laugafelli.



Tækin til sýnis á sumardeginum fyrsta á Melgerðismelum.



Dagsferð 29. apríl.



Oliukálfurinn sóttur.



Dagsferð 29. apríl.

Unglingadeildin Bangsar

2023-2024

Unglingadeildin Bangsar var stofnuð árið 2005 og hefur hún verið starfrækt síðan þá að undanskildu árinu 2021. Megintilgangur starfseminnar er að vekja áhuga unglunga á björgunarsveitastörfum og kynna sem flesta þætti starfsins fyrir þeim.

Í ár líkt og 2022 voru Anna Hlín Guðmundsdóttir, Erla Katrín Orradóttir, Guðrún Jóna Stefánsdóttir, Jóhann Ben Jóhannsson og Tryggvi Geir Ingvarsson umsjónarmenn unglingadeildar. Í fyrra fékk 9. bekkur að taka þátt í unglingadeildinni vegna þess að það voru svo fáir einstaklingar í 10. bekk og er þetta því annað árið sem þau fá að taka þátt í unglingadeildinni. Einnig hafa nokkrir krakkar frá Akureyri fengið að slást í hópinn og núna eru því 23 krakkar skráðir í unglingadeildina hjá okkur.

Fyrsti hittingur vetrarins var haldinn í september og höfum verið að hittast um það bil tvisvar í mánuði eftir það. Við höfum farið yfir ýmsa þætti í starfi björgunarsveita en sem dæmi má nefna fyrstu hjálp, flutning í börum, klifur, sig og allskonar spottavinnu. Við héldum einnig í haustferð upp í Laugafell með krökkunum þar sem við gistum eina nótt. Við fórum á sex jeppum með 16 unglunga og var ferðin mjög vel heppnuð.

Í lok október fórum við í heimsókn út á Siglufjörð þar sem við hittum unglingadeildir frá Siglufirði, Ólafsfirði, Dalvík, Svalbarðseyri og Sauðárkróki. Haldnir voru litlir björgunarleikar með 6 stöðvum: fjallabjörgun, kassaklifri, sigi, pokahlaupi, ratleik, hnútum og danskeppni. Um 80 krakkar tóku þátt í viðburðinum og tæplega 20 umsjónarmenn en það var ótrúlega gaman að fá að taka þátt í þessari stóru æfingu og kynnast unglingadeildunum í kringum okkur. Við kíktum einnig í heimsókn á Slökkvistöðina á Akureyri í lok nóvember þar sem við fengum kynningu á þeirra starfi og krakkarnir fengu að prófa reykköfunartæki og



Flutningur í börum.



Fjör í kassaklifri.

kasta brunaslöngum ásamt því að kynnast öðrum búnaði. Í byrjun desember fórum við út á Hjalteyri í klifurvegginn hjá 600Klifur og fengum að prófa ýmsar klifurleiðir þar.

Síðastliðið vor var haldið í jeppaferð upp í Réttartorfu með hóp síðasta skólaárs, farið var á sex bílum með 15 unglunga. Lagt var af stað seinnipartinn og keyrt inn Bárðardal að Svartárkoti og þaðan upp í Réttartorfu. Um kvöldið var grillað og haft gaman fram eftir kvöldi. Morguninn eftir var snæddur

hafragrautur og slátur, dótinu pakkað saman, skálinn þrífinn og haldið heim á leið. Stórskemmtileg ferð sem gekk vel.

Krakkarnir eru virkilega skemmtilegir og efnilegir og erum við umsjónarfólk unglingadeildar Bangsa spennt að miðla okkar þekkingu og fleiru í sveitinni til krakkanna.

Anna Hlín Guðmundsdóttir



Hópurinn við Grána í unglingadeildarferð í haust.



Kassaklifur á Siglufirði.



Tryggvi Geir aðstoðar unglingana við að júmma.



Fjallabjörgunarverkefni á Siglufirði.



Farið yfir hvernig er júmmað.



Krambúðin

Gaman saman dagurinn

Laugardaginn 28. október síðastliðinn var farin frábær ferð til Húsavíkur. Við vorum níu sem lögðum af stað á öðrum mannskapsbíl sveitarinnar.

Við fórum í mjög skemmtilega heimsókn til björgunarsveitarinnar Garðars á Húsavík þar sem vel var tekið á móti okkur. Þau sýndu okkur húsnaði, öll tækin og aðstöðu sveitarinnar. Við fengum til dæmis að fara smá hring á Villa Páls nýja björgunarskipinu þeirra sem var virkilega gaman. Það var spjallað og drukkið kaffi og áttum við notalega stund.

Eftir heimsóknina snæddi hópurinn saman á veitingahúsinu Gamla Bauk og þaðan lá leiðin í sund á Laugum. Að lokum var komið við hjá Goðafossi á leiðinni heim í Eyjafjörðinn. Vel heppnuð ferð í alla staði.

Jóhann Ben Jóhannsson



Hópurinn við Goðafoss.



Nýji báturinn skoðaður.



Bátsferð á Húsavík.



Bubbi og Erla hress.

[RUB23]
RESTAURANT
FISH - MEAT - SUSHI

B
BAUTINN
- Veitingastaður síðan 1971 -


SUSHI
CORNER


PIZZA
SMÍÐJAN
- ELDBAKAÐAR OG STÖKKAR -

Hjálparsveitin Dalbjörg tekur vel á móti nýju fólki sem vill taka þátt í starfinu okkar, en kynna má sér starfið okkar á Facebook síðu sveitarinnar, instagram síðu sveitarinnar eða heimasíðunni dalbjorg.is.

Að lokum viljum við þakka kvenfélögunum í Eyjafjarðarsveit, Hjálpinni, Iðunni og Öldunni, kærlega fyrir stuðninginn en þau eru að styrkja Hjálparsveitina til talstöðva kaupa. Til stendur að festa kaup á tíu VHF talstöðvum þar sem við erum að uppfæra búnaðinn okkar.

Í ritstjórn voru Erla Katrín Orradóttir,
Anna Hlín Guðmundsdóttir,
Freydís Erna Guðmundsdóttir
og Guðrún Jóna Stefánsdóttir.

Prentun og uppsetning: Héraðsprent, Egilsstöðum.
Prófarkalestur: Helga Berglind Hreinsdóttir
og Kristján H. Tryggvason.
Forsíðumynd: Elmar að bera búnað í útkalli.



Kvenfélagið Iðunn



Stefnað 1932

*Kvenfélagið
Aldan*

kvenfélagið
Hjálpin
1914




LÍFLAND

Gleðilega hátíð

*Eyjafjarðarsveit óskar íbúum sínum
og landsmönnum öllum gleðilegna
jóla og farsældar á nýju ári*



EYJAFJARÐARSVEIT